

111. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn mánudaginn 31.03. 2014, kl. 20.30 á skrifstofu hafnarstjóra Norðurtanga 5, Ólafsvík.

Mættir: Anton Ragnarsson formaður,  
Guðlaugur Gunnarsson,  
Örn Arnarson,  
Alexander F. Kristinsson,  
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Bréf frá bæjarritara dags. 06.12. 2013, varðandi samþykkt bæjarstjórnar á fundargerð 110. fundar hafnarstjórnar. Lagt fram til kynningar.
2. Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 361 dags. 13.12. 2013, nr. 362 dags. 17.01. og nr. 363 dags. 28.02. 2014. Lagt fram til kynningar.
3. Bréf frá Matvælastofnun dags. 11.10. 2013, varðandi hafnir landsins og matvælaöryggi. Fram kemur í bréfinu að starfsmenn stofnunarinnar sinntu eftirliti á um 20 höfnum s.l. sumar og voru þær skoðaðar með hliðsjón af matvælaöryggi. Allar hafnir Hafnarsjóðs Snæfellsbæjar voru heimsóttar s.l. sumar og kemur eftirfarandi fram varðandi þær.
  - Á Arnarstapa var umgengni góð og umsögn eftirlitsmanns var: “Svæðið er mjög snyrtilegt, ásamt því að standur fyrir slöngu er til staðar og notaður.”
  - Ólafsvíkurhöfn fékk einnig góða dóma, þar var umgengni góð.
  - Rifshöfn var heimsótt tvisvar. Eitthvað var um rusl á hafnarsvæðinu í júní en úr því hafði verið bætt þegar höfnin var heimsótt í júlí, hins vegar skyggðu óhrein kör á ásynd hafnarinnar.

Matvælastofnun þakkar fyrir samstarfið s.l. sumar og lýsir yfir ánægju sinni með aðbúnað og umgengni á höfnunum. Hafnarstjórn tekur undir með Matvælastofnun varðandi aðbúnað og umgengni á höfnunum, enda er markmið hafnaryfirvalda að hvetja til góðrar umgengni og snyrtimennsku á hafnarsvæðunum.

4. Bréf frá Umhverfisstofnun dags. 09.12. 2013, varðandi staðfestingu áætlunar um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa. Eftirfarandi kemur m.a. fram í bréfinu. “ Stofnunin telur að áætlunin uppfylli ákvæði reglugerðar nr. 792/2004, um móttöku á úrgangi frá skipum og staðfestist því áætlunin hér með í samræmi við 5. gr. reglugerðarinnar.” Lagt fram til kynningar.
5. Tölvupóstur frá Vegagerðinni dags. 19.12. 2013, vegna framkvæmda við Norðurgarðinn í Ólafsvík. Hafnarstjóri fór yfir gang mála varðandi framkvæmdirnar, en viðhöfð var verðkönnun og var eftirtöldum aðilum gefin kostur á að taka þátt í henni.
  - Norðurtak ehf. Sauðárkróki.
  - Stafnafell ehf. Snæfellsbæ.

- Tígur ehf. Súðavík.
- Suðurverk h.f. Kópavogi.

Eftirfarandi tilboð bárust og voru þau opnuð þann 17.12. 2013.

1. Suðurverk h.f.	kr. 18.015.250.-	124.5%
2. Norðurtak ehf.	kr. 19.015.000.-	131.4%
3. Stafnafell ehf.	kr. 19.185.000.-	132.6%
3a. Stafnafell ehf. frávikstilboð,	kr. 18.225.750.-	125.9%
4. Kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar,	kr. 14.472.000.-	100.0%

Við yfirferð tilboða kom í ljós að Stafnafell ehf. hafði gert reiknivillu í tilboði sínu. Var tilboð Stafnafells ehf. kr. 17.700.000.- þ.e. 122.3% og frávikstilboðið kr. 16.815.000.- þ.e. 116.2%. Vegagerðin leggur til að gengið verði til samninga við Stafnafell ehf. Samþykkt samhljóða að ganga til samninga við Stafnafell ehf. á grundvelli frávikstilboðsins kr. 16.815.000.-

6. Tölvupóstur frá Hafnasambandi Íslands dags. 05.03. 2014. Meðfylgjandi er ársreikningur Hafnasambandsins fyrir árið 2013. Lagt fram til kynningar.
7. Gjaldskrá hafnarsjóðs. Hafnarstjóri kynnti gjaldskrána og fór yfir helstu liði hennar. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
8. Tölvupóstur frá byggingafulltrúanum í Snæfellsbæ dags. 31.03. 2014, þar sem óskað er eftir umsögn hafnarstjórnar varðandi umsókn frá K.G. fiskverkun ehf. Rífi, um viðbyggingu við núverandi húsnæði fyrirtækisins að Melnesi 1, Rífi. Meðfylgjandi eru útlitsteikningar af byggingunni. Hafnarstjórn gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.55

Anton Ragnarsson formaður,  
Örn Arnarson,  
Guðlaugur Gunnarsson,  
Alexander F. Kristinsson,  
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.